

SANNLEIKURINN ER SAGNA BESTUR

I

Einhverntíma var lesin upp hér í Útvarpinu saga eftir Anatole France, hinn fræga skáldsagnasnilling, sem átti að gera ljóst, hve lítið orð hefði farið af Jesú um hans daga og jafnvel áratugum síðar. Pontíus Pílatus hittir, eftir að hann er látinn af embættisstörfum og lifir í elli á búgarði sínum, fornunningja, og er þeir ræðast við um gamlar endurminningar frá Gyðingalandi, kemur í ljós, að Pílatus man ekkert eftir Jesú þessum, sem hann hafði dæmt til dauða, og hefir vitanlega ekki minnsta grun um, að hann átti eftir að verða nefndur oftár en nokkur rómverskur landstjóri annar, eingöngu vegna sambands síns við sögu þess manns. Það þarf ekki að efa, að saga hins franska skálds er snilldarlega saman sett, en þó virðist mér hinn mjög svo eftirtektarverði sannleikur koma miklu betur í ljós, ef vér blátt áfram og alveg án skáldskapar, virðum fyrir oss fornt sögurit, mjög frægt. Flavíus Josephus var fæddur aðeins 4 árum eftir dauða Jesú, og foreldrar hans voru því samtíða hinum mikla spámanni. Josephus hlaut góða menntun, og tilheyrði þeirri stétt, sem guðspjöllin segja að hafi verið Jesú fjandsamlegust. Hann var hæfileikamaður mikill, og auk þess að vera prestur, reyndist hann framúrskarandi hershöfðingi í styrjöld þeirri við Rómverja, sem loks leiddi til þess, að Jerúsalem var eyðilögð. Varði hann borg eina af framúrskarandi hreysti og ráðkænsku, og þegar þó varð að gefast upp, og borgin var tekin, bjargaði hann lífi sínu með því að spá Vespasian, hinum sigursæla hershöfðingja, því, að hann

mundi verða keisari Rómverja. Vildi Vespasian þá ekki láta drepa manninn, sem spáði svona merkilega fyrir honum, heldur tók hann til sín, og hafði hann í miklum metum, þegar hann hafði sannspár reynst og Vespasian var orðinn keisari. Gerðist Josephus nú afkastamikill rithöfundur og hefir ritað mjög rækilega um sögu þjóðar sinnar, sem honum var hugur á að sýna, að hefði átt mikla merkismenn. Hann segir mjög vandlega frá eyðileggingu Jerúsalemsborgar, og spádómum og fyrirburðum í sambandi við þau stórtíðindi. En eins og alkunnugt er, hafði Jesús frá Nazaret sagt þau tíðindi fyrir mjög eftirminnilega. Nú er það býsna eftirtektarvert, að Jósephus nefnir í Gyðingasögu sinni 7 — sjö — Jesúsa; en enginn þeirra er spámaðurinn mikli, Jesús frá Nazaret. Þennan mann, sem átti eftir að verða langfrægastur allra Gyðinga, nefnir Josephus ekki á nafn í sögu sinni. Virðist ekki hægt að skýra þetta á aðra leið en þá, að þegar Josephus ritaði sögu sína, hafi spámaðurinn Jesús frá Nazaret aðeins verið lítið kunnur. En hinsvegar er með öllu óleyfilegt að draga af þessari þögn hins mikla söguritara þá ályktun, að guðspjöllin séu skáldskapur einn, og spámaðurinn Jesús frá Nazaret hafi aldrei verið til.

II

Rómverjinn Cornelius Tacitus, einn af ágætustu sögurit-
urum fornaldarinnar, hb. 20 árum yngri en Flavíus Josephus, nefnir að visu ekki Jesús, en hann getur um fylgjendur Krists (christianos), og það sem hann nefnir hina skaðvænu hjátrú þeirra; exitiabilis superstitio. Þetta þykir kristnum mönnum vitanlega undarlega og ómaklega að orði komist, en þó verður því ekki neitað, að Rómverjinn hafði nokkuð til síns máls. Kristin trú átti mikinn eða jafnvel mestan þátt í niðurfalli hinnar grísk-rómversku menningar, eins og mjög er skiljanlegt, þegar þess er gætt, að trúarbók kristinna manna, „heilög ritning“, var að því er menn héldu, komin frá Guði sjálfum. Hlutu þá rit jafnvel hinna ágætustu heiðnu spekinga, að vera lítilsvirði í samanburði við þá bók (eða það ritsafn; biblíá er, eins og kunnugt er, fleirtöluorð

og þýðir bækur). Er því ekki að furða, þó að mikið hafi glatast af því, sem hinir heiðnu Grikkir og Rómverjar höfðu merkielegast ritað. Átti þetta skiljanlega kæruleysi sinn drjúga þátt í hinu illræmda vanþekkingarmyrkri miðalddanna, sem ekki fór að létta af fyrr en grafið var upp úr gleysku það sem þó hafði varðveist af hinum fornu bókmenntum. Birti þá svo til, er menn fóru að kynnast þeim, að jafnvel hefir verið talað um endurfæðingaröld í sambandi við það, og að mannkynið hafi þá fyrst komist örugglega á framfaraleið. En þó er það ofsagt. Mannkyn, sem á í ildeilum og styrjöldum, er ekki í sannleika komið á framfaraleið, og mannkyn vort er því ekki á framfaraleið ennþá, heldur á glötunarvegi, eins og mjög greinilega kemur fram í því, að aldrei áður, í sögu mannkynsins, hafa aðrar eins hörmungar gengið yfir líkt því eins marga og einmitt nú, á þessum síðustu árum. Virðast þó ýmsir vongóðir um, að skipta muni um gersamlega, og hefjast öld sannra framfara, þegar hörmungaréli þessu, sem nú er, léttir af. En ekki má gleyma því, að margir voru þeir sem vonuðu, að heimsstyrjöldin fyrri mundi reynast síðasti ófriðurinn hér á jörðu. Og ekki þarf að efa, að engu síður munu bregðast vonir þeirra, sem nú ímynda sér, að öld hins óbrigðula friðar muni hefjast þegar þessari mestu styrjöld lýkur — ef ekki kemur til sögunnar eitthvað mjög óvænt, eitthvað sem telja má víst, að muni eiga mjög erfitt uppdráttar hjá mannkyni, sem jafnan hefir metið meir hégóma, lygi og villu, heldur en sannleikann, og þar sem enn í dag margir virðast halda, að besta ráðið til að varðveita friðinn, sé nógu öflugt vopnavaðl.